



Fréttatilkynning

09 March 2026 11:15:00 GMT

Skráningu á aðalfund Arion banka lýkur þriðjudaginn 10. mars 2026 klukkan 16:00

Aðalfundur Arion banka hf. verður haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þann 11. mars 2026, kl. 16:00. Einnig verður gefinn kostur á rafrænni þátttöku. Atkvæðagreiðsla á fundinum fer eingöngu fram með rafrænum hætti. Fundurinn fer fram á íslensku en boðið verður upp á túlkapjónustu á ensku.

Til þess að hægt sé að tryggja tímanlega úrvinnslu á beiðnum hluthafa um aðgangsupplýsingar skulu þeir óska eftir aðgangi á vefsíðunni <https://www.lumiconnect.com/events/arionbankagm2026> eigi síðar sólarhring fyrir fundinn, eða kl. 16:00 þann 10. mars 2026. Sama gildir ef hluthafar vilja leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Þær skulu sendar á netfangið hluthafar@arionbanki.is en einnig er hægt að senda póst á sama netfang fyrir almennar fyrirspurnir í tengslum við aðalfundinn.

[Tillögur tilnefningarnefndar](#), [dagskrá](#), [tillögur til aðalfundar](#) og önnur skjöl eru aðgengileg á www.arionbanki.is/gm.

Frá og með lokun markaða 3. mars 2026 til og með 13. mars 2026 verður óheimilt að yfirfæra SDR-heimildarskírteini í eða úr hlutum í Arion banka milli markaða.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, samskiptasvid@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Skráningu á aðalfund Arion banka lýkur þriðjudaginn 10. mars 2026 klukkan 16:00](#)